

**26. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps  
haldinn á Kirkjubæjarstofu 29.10.2017 kl 21:30**

Mætt eru: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Virkjun í Hverfisfljóti – beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun 24. október 2017

Jóna Björk formaður setur fundinn.

**Virkjun í Hverfisfljóti – beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun 24. október 2017**

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps um frummatsskýrslu um virkjun í Hverfisfljóti.

*Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps vísar í 2. mgr. 61. gr Náttúruverndarlaga nr. 60 frá 2013 þar sem Skaftáreldahraun er verndað sem hraun frá nútíma. Einnig njóta sérstakrar verndar „fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki“. Auk þess skal samkvæmt 69. gr sömu laga gæta þess við hönnun vega, virkjana, verksmiðju og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Jafnframt skal taka tillit til 3. gr. sömu laga þar sem fram kemur að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins.*

*Mælist umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps til þess að á áhrifasvæði virkjunarframkvæmda verði forðast að spilla ofangreindum náttúruvirkjum eins og kostur er.*

*Samþykkt af Jóhannesi Gissurarsyni og Sveini Jenssyni. Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista situr hjá og óskar bókunar:*

*Í frummatsskýrslunni kemur fram að mannvirki fyrirhugaðrar framkvæmdar og námusvæði eru staðsett á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Hraunið er einstakt á heimsvísu bæði vegna stærðarinnar (í skýrslunni er stærð þess þó ofmetin þar sem hraunið er um 600 km<sup>2</sup> að flatarmáli en ekki 6000 km<sup>2</sup>). Fossar og nánasta umhverfi þeirra er verndað samkvæmt sömu grein „að því leyti að sýn að þeim spillist ekki“ í frummatsskýrslunni segir að stöðvarhús verði staðsett nokkuð sunnan Lambhagafossa og þaðan mun þrýstipípa liggja að inntaki upp hlíðar Brunnárhrauns sem mun hafa áhrif á ásýnd fossins sem er andstætt náttúruverndarlögum.*

*Mannvirkin og annað rask sem af virkjuninni verður hefur mikil áhrif á víðerni sem eru að hluta ofan hálendislinu, skv. 3. gr. Náttúruverndarlaga ber að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 til 2022 er ekki fjallað um víðerni og þarf að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins meðal annars með hliðsjón að nýjum náttúruverndarlögum, landskipulagsstefnu 2015 til 2026 og áfangastaðaáætlun DMP sem nú er í vinnslu innan Kötlu jarðvangs og hjá Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála.*

*Náttúruverndarlögum 3 grein nr. 60/2013 segir að varðveita eigi landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Vatnsfarvegur Hverfisfljóts er einstakur á heimsvísu. Áin rennur við stærstu hraunbreiða sem runnið hefur á sögulegum tíma sem er merkileg bæði vegna stærðarinnar, þess að gosið hafði gríðarlega áhrif á veðurfar á öllu norðurhveli jarðar og þeirra merku samtímaheimilda sem til eru um framgang gosins í Eldriti Sr Jóns*

Steingrímssonar. Þar að auki er eitt yngsta gljúfur heims nú að myndast þar sem virkjunin er fyrirhuguð. Þarna er um fagurfræðilega og menningarlega merkilegt svæði að ræða.

Í skýrslunni kemur fram að lagður verður jarðstrengur frá virkjuninni en ekki er farið nánar í þá framkvæmd, lengd, legu, efnistöku eða annað. Í reglugerð um mat á umhverfisáhrif segir að upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir þurfi að koma fram.


Virkjunin hefur mikil neikvæð áhrif á einstakt svæði og jarðmynjar sem njóta verndar náttúruverndarlag auk þess sem hún skerðir stórt svæði viðernis með óafturkræfum hætti.

Formanni falið að senda umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar til Skipulagsstofnunar.

Fundi slitið kl 24:00

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.

  
Sveinn Jensson  
